

Samþykkt um sérfræðilega ráðgjöf fyrir félagsmenn KÍ

Fimmta þing Kennarasambands Íslands haldið 6. - 8. apríl 2011 samþykkir að beina því til stjórnar KÍ að byggja upp sérfræðilega ráðgjöf við félagsmenn. Helgast það af erfiðum starfsskilyrðum í skólum á niðurskurðartímum, uppsögnum og vegna samskiptamála á vinnustöðum. Haft verði samstarf um þetta m.a. við vinnuumhverfisnefnd KÍ, Sjúkrasjóð KÍ og Virk - Starfsendurhæfingarsjóð.

Stjórn KÍ er heimilt að veita fjármunum til þessa uppbyggingarstarfs skv. fjárhagsáætlun KÍ fyrir næsta tímabil.

Greinargerð:

Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 bauð KÍ félagsmönnum upp á símaviðtalstíma hjá sálfræðingum og í nóvember 2010 bauð KÍ stjórnendum allra skólagerða til fræðslufunda undir heitinu **Velferð í vinnunni**. Þar var farið í starfsumhverfi skóla, vinnuvernd og heilsuefningu, veikindarétt, réttindi í Sjúkrasjóði KÍ og starfsemi VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs. Auk þess voru á fundunum kynntar árangursríkar aðferðir til að vinna með fjarvistir starfsmanna.

Þjónustan og fundirnir mæltust vel fyrir hjá félagsmönnum og á matsblöðum fræðslufundanna komu fram óskir um frekari fræðslu og þjónustu vegna vandamála sem upp koma í skólum tengdum álagi, líðan og samskiptum. Þátttakendur nefndu einnig að aðrir félagsmenn, kennarar og trúnaðarmenn, ættu líka að fá fræðslu um sömu málefni. Þá hafa starfsmenn KÍ, ráðnir og kjörnir, orðið varir við auknar fyrirspurnir og beiðnir um aðstoð vegna slíkra mála, m.a. vegna uppsagna, veikinda og samskiptavandamála.

Í ljósi þessa og þeirra aðstæðna sem nú ríkjá er mikilvægt að bæta og auka þjónustu KÍ á þessu sviði.